

# Lögmannaþingið



11. árgangur  
Júní  
2/2005

- Eru lögmenn fjölmiðlafulltrúar?
- Sakamál – hinn nýi tónn fjölmiðla
- Myndatökur í dómhúsum
- Mannlegur harmleikur í sviðsljósinu
- Frá aðalfundi LMFÍ 2005
- Athyglisverðir úrskurðir úrskurðarnefndar lögmanna





# SPARAÐU TÍMA

MEÐ AÐGANGI AÐ HÆSTARÉTTARDÓMUM OG LAGASAFNI

---

## HÆSTARÉTTARDÓMAR

Lánstraust hf. hefur skráð á tölvutækt form alla hæstaréttardóma frá 1958 og eru þeir aðgengilegir á [www.lt.is](http://www.lt.is).

Hæstaréttardómunum fylgja einnig þeir héraðsdómar sem áfrýjað var.

Öflug leitarvél er tengd dómasafninu og er mögulegt er að leita eftir ýmsum leitarskilyrðum í senn.

Einnig er hægt að finna alla dóma sem t.d. varða tiltekna lagagrein eða reglugerð.

## LAGASAFN

Lagasafnið er gefið út á geisladiski tvisvar á ári og er það uppfært í samræmi við breytingar á löggjöf.

Allar nánari upplýsingar, [adgangur@lt.is](mailto:adgangur@lt.is) eða 550-9600.

**L Á N S T R A U S T H F.**

---

# Lögmannablaðið

## LÖGMANNAFÉLAG ÍSLANDS:

Álftamýri 9, 108 Reykjavík  
Sími (tel.): 568-5620  
Bréfsími (fax): 568-70567  
Tölvupóstur: (E-mail):  
lmfi@lmfi.is  
Heimasíða: www.lmfi.is

## STJÓRN LMFÍ

Helgi Jóhannesson hdl.,  
formaður  
Helga Melkorka Óttarsdóttir hdl.,  
varaformaður  
Stefán Geir Þórisson hdl.,  
gjaldkeri  
Helga Jónsdóttir hdl., ritari  
Jóhannes Albert Sævarsson hrl.,  
meðstjórnandi.

## STARFSFÓLK LMFÍ:

Ingimar Ingason  
framkvæmdastjóri  
Eyrún Ingadóttir  
félagsdeild  
Steinunn Rósa Einarsdóttir  
ritari

Blaðið er sent öllum  
félagsmönnum.  
Ársáskrift  
fyrir utanfélagsmenn  
kr. 1.500 + vsk.  
Verð pr. tölublað  
kr. 400 + vsk.  
ISSN 1670-2689

NETFANG RITSTJÓRNAR:  
ritstjori@lmfi.is

PRENTVINNSLA:  
Gutenberg

UMSJÓN AUGLÝSINGA:  
Óflun ehf.,  
sími 533 4440

- 4** DAÐI BJARNASON:  
Frá ritstjórn.
- 6** GUÐRÚN BJÖRG BIRGISDÓTTIR:  
Eru lögmenn fjölmiðlafulltrúar?
- 12** HALLDÓR REYNISSON:  
Sakamál — hinn nýi tonn fjölmiðla.
- 14** BJÖRN JÓHANN BJÖRNSSON:  
Nauðsyn á gagnkvæmu trausti og virðingu.
- 16** HELGI I. JÓNSSON:  
Myndatökur í dómhúsum og umfjöllun lögmanna um dómsmál á meðan þau eru til meðferðar fyrir dómstólum.
- 18** MANNLEGUR HARMLEIKUR Í SVIÐSLJÓSINU.  
Frá málþingi Biskupsstofu, Blaðamannafélags Íslands, Dómstólaráðs og LMFÍ 10. mars sl.
- 20** Meistaramót LMFÍ innanhúss 2005.
- 21** HELGI JÓHANNESSON:  
Pistill formanns.
- 22** HEYRT OG SÉD Á ÁRSHÁTÍÐ LMFÍ.
- 24** RAGNAR TÓMAS ÁRNASON:  
37. norræna lögfræðingapingið í Reykjavík í ágúst 2005.
- 25** Aðalfundur LMFÍ.
- 27** Af Merði lögmanni.
- 28** EYRÚN INGADÓTTIR:  
Fréttir frá félagsdeild.
- 29** Athyglisverðir úrskurðir úrskurðarnefndar lögmanna.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðrún Björg Birgisdóttir hdl.

Ritnefnd: Daði Bjarnason hdl., Hrafnhildur Stefánsdóttir hrl.,  
Einar B. Árnason hdl., Guðfinna J. Guðmundsdóttir hdl. og  
Gylfi Thorlacius hrl.



## FRÁ RITSTJÓRN

Á síðasta ári mínu við laga-deild HÍ sat ég tíma í fagi sem kennt var við hlutverk dómara og lögmanna. Í einum af eftirminnilegri tímum fékk hópurinn þekktan fréttamann ásamt dómara einum í heimsókn til þess að ræða umfjöllun fréttamanna um lögfræði, lög-reglurannsóknir og dómsmál. Fréttamaðurinn greindi frá því að stundum væri mjög erfitt að átta sig á inntaki dóma sem væru á lögfræðimáli sem oft væri erfitt að skilja án áralangrar þjálfunar. Dómarinn taldi vandamálið kunnuglegt og nefndi m.a. dæmi þess að fréttamaður hefði elt dómara heim í lok vinnudags til að fá hjá honum útskýringar á inntaki dóms sem kveðinn hafði verið upp fyrir þann dag. Fyrir laganema var þetta kunnugleg tilfinning og var ekki laust við að nemendum þætti nokkuð til úrræðasemi fréttamannsins koma en ekki síður þörf áminning til verðandi lögfræðinga um að hafa skýrleika að leiðarljósi við skrif á lögfræðitexta. Sé það haft að leiðarljósi má það vonandi verða til þess að fækka fréttum um dómsmál sem byggðar eru á misskilningi, þótt ef vel á að vera þurfi fleira til að koma, svo sem reynsla og þekking þeirra sem fréttirnar skrifa.

Annað sem kom fram í máli fréttamannsins og dómarsans var virðing fyrir þeirri meginreglu sem er að finna í 3. gr. síðareglu Blaðamannafélags Íslands þar sem kveðið er á um að blaðamanni beri að forðast allt sem geti valdið saklausu fólki óþarfa sársauka eða vanvirðu. Felst það að



**Daði Bjarnason**  
hdl.

jafnaði ekki síst í því að fjalla af nærgætni og virðingu um mál sem eru til rannsóknar og nafngreina ekki aðila máls og jafnvel vega að æru þeirra áður en dómur hefur verið felldur. Fyrir nokkrum árum fór að örla á því að framangreindri meginstefnu væri ekki lengur fylgt eftir og er nú svo komið að þessi stefna er hjá sumum fjölmiðlum að engu

höfð. Afleiðingar þessara breytinga hafa oft á tíðum verið mjög dapurlegar og má búast við því að þessi breyting sé farin að ala á vantrausti lögmanna og dómara gagnvart þeim sem á fjölmiðlum starfa. Stafar það ekki síst af því að þarna virðist manni eins og beinlínis hafi verið tekin, í nafni tjáningarfrelsis, ákvörðun um að skeyta engu um tilfinningar fólks, hvort sem það eru hinir ákærðu, brotáþolar eða aðstandendur beggja þessara aðila. Sá grunur læðist að manni að nú, nokkrum árum eftir að hafa hlýtt á fréttamanninn og dómarann vera jafn sammála og raun bar vitni, þá hljóti dæmum um að fréttamenn og lögmenn standi saman að vandaðri og upplýsandi umfjöllun að fara fækkandi. Væri það að mörgu leyti miður og vart vanþörf á en fram kemur í grein hér í blaðinu að fjölmiðlar eftirláta iðulega ungum og reynslulitlum blaðamönnum að fjalla um þann málaflokk er lýtur að lögreglu-rannsóknnum og dómsmálum. Er það því brýnt að lögmenn geri sitt besta til að leiðbeina blaðamönnum svo fækka megi hvort tveggja rangri og ranglátri umfjöllun fjölmiðla um þennan mikilvæga málaflokk.



*„Hver vill ekki spila með Beckham?“*

Anna Sigrún Baldursdóttir, framkvæmdastjóri Liðsinni Solarplexus ehf.

Stuttar boðleiðir, markviss og skjót ákvarðanatáka, ásamt faglegru ráðgjöf í fjármálum eru atriði sem henta Önnu í rekstri fyrirtækis síns.

**Að reka fyrirtæki** er að velja saman rétta liðið þess vegna er hún viðskiptavinur SPRON.

HEB & NU / SIA

Fyrirtækjþjónusta

Sími: 550 1200



# Eru lögmenn fjölmiðlafulltrúar?

Það hefur væntanlega ekki farið framhjá lögmönnum að undanfarin misseri hefur fjölmiðlaumfjöllun um lögreglurannsóknir og meðferð einka- og sakamála fyrir dómstólum aukist verulega. Við skoðun greinarhöfundar á fjölmiðlaumfjöllun um dómsmál í febrúar- og marsmánuði 2005 verður ekki ráðið hvaða mælikvarða er miðað við þegar ákveðið er að taka einstakt mál til umfjöllunar. Enginn hlutlægur mælikvarði af hálfu blaðamanna virðist vera til um hvað er frétt næmt og eigi þannig erindi fyrir sjónir almennings. Ekki verður heldur ráðið að hlutleysis sé gætt í umfjöllun fjölmiðla né að hugað sé að því að fjölmiðlaumfjöllun um opinber mál á rannsóknarstigi geti skaðað rannsóknina og þar með almannahags-



**Guðrún Björg  
Birgisdóttir**

hdl.

mannsins. Hvergi í umræddri frétt var tekið fram hvaða önnur sjónarmið gætu búið að baki niðurstöðunni. Daginn eftir frétt RÚV af þessari meintri „mismunun sakamanna“ var svo umræddur gæsluvarðhaldsúrskurður héraðsdóms staðfestur af Hæstarétti

Áhugi og ágangur fjölmiðla á dómsmálum hlýtur að vekja spurningar meðal lögmanna hvert þeirra hlutverk sé í þeim tilvikum og hvaða skyldur þeir bera. Codex Ethicus

LMFÍ fela í sér ítarlegar siðareglur sem lögmönnum ber að hafa í huga og eiga að kunna. Í siðareglunum er þannig að finna reglur og ákveðnar leiðbeiningar um hverjar séu skyldur lögmanna. Sé hins vegar litið til hlutverks lögmanna gagnvart fjölmiðlaumfjöllun eru siðareglur okkar fáorðar og veita litla sem enga vísbendingu um hvernig bregðast eigi við því ástandi sem nú blasir við okkur lögmönnum gagnvart slíkri umfjöllun. Fyrir utan vísbendingar frá siðareglum okkar, sérstaklega 5. gr. Codex Ethicus um umfjöllun einstaks máls, þá hafa fæstir lögmenn þekkingu eða þjálfun þegar kemur að umfjöllun fjölmiðla um einstök mál. Augljóst er að hér þarf úr að bæta. Þannig þurfa lögmenn í einhverjum tilvikum að koma fram í fjölmiðlum til þess að gæta hagsmuna umbjóðanda sinna svo sjónarmið þeirra komist rétt til skila.

» Ég var í aðalmeðferð í opinberu máli um daginn í héraðsdómi Reykjavíkur. Það var lokað þinghald en hurðin inn í þingsal var opin þar sem við vorum að biða eftir saksóknara. Skyndilega kom blaðaljosmyndari í gættina og tók myndir. Síðan hljóp hann í burtu á harðaspretti.

Lögmaður

muni áður en frétt er birt. Vissulega sker DV sig úr í umfjöllun sinni þar sem allt virðist leyfilegt (sé a.m.k. litið til umfjöllunar fjölmiðilsins í febrúar og mars 2005). Aðrir fjölmiðlar virðast stundum taka upp stíl DV í „fréttaflutningi“ eða taka sér til fyrirmyndar fyrirsagnir DV í breyttri mynd. Sem dæmi má nefna var því haldið fram í sjónvarpsfréttum RÚV í maí sl. að sakamönnum væri mismunandi en fréttin byggðist á viðtali við lögmenn í ákveðnu máli varðandi gæsluvarðhaldsúrskurð héraðsdóms vegna umbjóðanda lög-

» Ég lagði fram kærnu fyrir umbjóðanda minn hjá lögreglu rétt fyrir hádegi. Klukkutíma síðar var sú kærna komin til fjölmiðla og hluti kærunnar birtist orðrétt í kvöldfréttum. Umbjóðandi minn hafði á þeim tíma ekki fengið afrit af kærinni.

Lögmaður

# Almenni lífeyrissjóðurinn



## Þú velur þá leið sem þér hentar

Almenni lífeyrissjóðurinn er góður kostur fyrir lífeyrissparnaðinn þinn. Hjá okkur ræður þú ferðinni hvort sem um er að ræða lágmarkslífeyrinn eða viðbótarlífeyrissparnaðinn.

### Veldu það sem þér hentar

- Fjöl margar ávöxtunarleiðir
- Tvær leiðir til að tryggja lágmarkslífeyrinn
- Úttektartími lífeyris er sveigjanlegur
- Viðbótartryggingar við allra hæfi

Við hlökkum til að veita þér okkar bestu þjónustu.

Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 440 4900 eða fáðu nánari upplýsingar á [almenni.is](http://almenni.is).





Mat á því hvenær nauðsynlegt er síðan fyrir lögmann að koma fram og bæta við þá „frétt“ sem viðkomandi blaðamaður hyggst birta, byggist á brjóstviti einstaks lögmanns. Þannig er það í sumum tilvikum líklega betra að láta kyrrt liggja. Það að reyna rétta hlut umbjóðandans í fjölmiðlum eftir á, getur nefnilega leitt til þess að „fréttin“ frá í fyrradag komist aftur í hárnæli meðal almennings.

» Blaðamaður leitast við að gera ekkert það, sem til vanvirðu má telja fyrir stétt sína eða stéttarfélag, blað eða fréttastofu. Honum ber að forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á starfi blaðamanns eða skert hagsmuni stéttarinnar ...

Úr 1. grein siðareglna Blaðamannafélags Íslands

### „Sjaldan lýgur almannarómur“

Lögmenn hafa misjafna reynslu af samskiptum sínum við fjölmiðla og þá sem þar starfa. Umfjöllun um einstök mál hefur oftsinnis farið út fyrir öll siðsemismörk þar sem virðing og nærgætni fyrir brotþola er að engu höfð. DV, sem hefur gengið hvað lengst í þá átt, hefur nú sett sér sérstaka síðaskrá og margir binda vonir við að blaðið muni hér eftir sýna meiri tillitssemi í umfjöllun sinni en hingað til.

Lögmaður sem haft var samband við vegna þessara greinarskrifa, sem hefur töluverða reynslu af verjendastörfum í opinberum málum, sagði sína reynslu af fjölmiðlum vera slæma og ræddi um vaxandi hörku af hálfu blaðamanna í garð sakaðra

» 5. gr. Í umræðu í fréttamiðlum eða á öðrum opinberum vettvangi um mál, sem lögmaður hefur eða hefur haft til meðferðar, ber honum að virða óskir skjólstæðings síns um að ekki sé fjallað um málið af hans hálfu.

Codex Ethicus fyrir LMFÍ

manna þar sem þeir eirðu engu. „Auðvitað er ekki hægt að alhæfa og segja að öll umfjöllun sé slæm en umfjöllun vegna sakamála getur verið slæm þegar hún hefst áður en menn hafa verið fundnir sekir fyrir dómstólum. Slík umfjöllun getur haft áhrif á dómendur, sérstaklega þegar dómstóll götunnar hefur fjallað um málið og fellt sektardóm, auk þess sem hún getur brennimerkt menn sem að lokum eru sýknaðir í dómsmeðferð og slíkir menn fá aldrei uppreisn æru,“ sagði lögmaðurinn.

### Reynsluleysi blaðamanna

Lögmenn sem rætt var við töluðu um reynsluleysi þeirra blaðamanna sem væru látnir fjalla um þennan málaflokk og töldu að svo virtist sem venja væri meðal fjölmiðla að láta unga blaða-

» Í frásögnum af dóms- og refsímálum skulu blaðamenn virða þá meginreglu laga að hver maður er talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.

Úr 4. grein siðareglna Blaðamannafélags Íslands



... hvernig ferðin  
verður gleðilegri



Securitas  
öryggi

## ef þú byrjar á puttanum

Með einum fingri tengir þú heimili þitt við stjórnstöð Securitas – öflugustu öryggisstjórnstöð landsins – áður en þú ferð í frið.

Heimavörn Securitas felur í sér að við lánum þér fullkomið öryggiskerfi sem vaktar heimili þitt gagnvart hættum, s.s. innbrotum og bruna.

Við komum, ráðleggjum og setjum kerfið upp hratt og örugglega. Eftir það nýtur þú þess öryggis að heimilið er tengt stjórnstöð Securitas sem er staðsett á Neyðarlinunni 112.

Tryggðu þér Securitas öryggi með Heimavörn.

**Eitt símtal núna – síminn er 580 7000**



» Ég er persónulega andvígur myndbirtingum af sakamönnum og tel að fullnægjandi refsing sé fyrir þá að fá fangelsisdóm og vera frelsissviptir. Vill algjörlega gleymast í allri umfjöllun að hér er verið að fjalla um persónur sem eiga sína fjölskyldur og jafnvel börn. Slikar persónur geta ekki verið alveg réttláusar, jafnvel þótt þær hafi lent á glapstígum, hvað þá þjáningar sem saklausir aðilar eins og börn slíkra persóna geta liðið vegna slíks.

Lögmaður

menn fjalla um þessi viðkvæmu mál. Einn lögmannanna benti m.a. á að blaðamaður hefði hringt í sig vegna máls fyrir stuttu og ekki vitað hver munurinn væri á Hæstarétti og héraðsdómi!

„Það er mikil ábyrgð lögð á fjölmiðlafólk vegna þess að fjölmiðlaumfjöllun fylgir mikil áhrif. Því miður hefur það alltof oft komið fyrir að fjölmiðlunum er ekki treystandi til að fara með þessa ábyrgð. Með nafn- og myndbirtingu sakamanns og meints sakamanns er ekki aðeins spjótunum beint að honum sjálfum heldur einnig að hans nánustu. Meintur sakamaður sem úrskurðaður hefur verið í gæsluvarðhald verður ekki fyrir aðkasti á meðan hann er í einangrun í gæsluvarðhaldi. Fjölskylda hans, maki og börn, eru hins vegar fyrir utan og fá að kenna á fordómum samborgaranna,“ sagði lögmaðurinn.

» Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Hann fordást allt, sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu.

Úr 3. grein siðareglna Blaðamannafélags Íslands

## Upplýsingum „lekið“ til fjölmiðla

Sú tilhneiging meðal okkar lögmanna að fara með mál í fjölmiðla sem eru eftir atvikum til meðferðar hjá lögreglu, ákærvaldinu eða fyrir dómstólum, virðist hafa aukist. Þannig má nú orðið finna augljós dæmi um að lögmenn hafi ákveðið að hefja málflutning í fjölmiðlum samhliða því að mál eru þingfest. Dæmi er til að mynda um að viðtöl í sjónvarpi við lögmenn eða úttekt í dagblaði vegna einkamála sem hafa nýlega verið þingfest í



héraði. Öllu alvarlegra hlýtur þó að vera þegar upplýsingar úr lögregluskýrslum á rannsóknarstigi máls hafa ratað til fjölmiðla sem taka svo upp á því að nafngreina alla málsaðila, hvort sem um er að ræða þá sem hafa stöðu sakbornings samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála eða tengjast málinu kannski einungis óbeint. Nærtæk dæmi um þetta eru líkfundarmálið í Neskaupsstað og umfjöllun DV í svonefndu „Dettifossmáli“ þar sem allir einstaklingar sem tengdust málinu voru nafngreindir dag eftir dag með sláandi fyrir-sögnum.

» Fyrir nokkrum árum lenti maður sem ég þekki í opinberri rannsókn. Fjölmiðlar gáfu út veidileyfi á manninn. Dag eftir dag birtust myndir af manninum, nafn hans og ítarlegar lýsingar á því sem honum var gefið að sök. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um það hversu sársaukafull þessi umfjöllun var fyrir manninn sjálfan, eiginkonu hans, börn og foreldra. Öldruð og sjúk móðir hans hætti að lesa blöð á þessu tímabili og opnaði hvorki fyrir útvarp né sjónvarp. Ári seinn lauk rannsókninni með því að ekki var talin ástæða til neinna aðgerða af hálfu ákærvaldsins. Lítið var fjallað um þá niðurstöðu í fjölmiðlum.

Lögmaður

Samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála hafa verjandi og sakborningur rétt til þess að fá afrit allra gagna viðkomandi sakamáls. Þegar sú staða kemur upp í hverju málinu á fætur öðru að lögregluskýrslur berast í fjölmiðla hlýtur að vakna sú spurning hvernig eigi að bregðast við slíku enda getur slík birting skaðað rannsóknarhagsmuni málsins.

Margir eru þeirrar skoðunar að ástæða sé til að huga nánar að því hvort ekki sé rétt að takmarka þessa heimild við það að verjandi og sakborningur fái einungis aðgang að gögnum Tekið skal fram að hér er ekki verið að skella skuldinni á lögmenn, að

» Margir fjölmiðlamenn fjalla mjög vel um dómsmál og vilja vanda umfjöllun sína. Að sjálfsögðu getum við ekki ætlast til að þeir skrifi um dómsmál eins og útlærðir lögfræðingar með margra ára starfsreynslu úr lögmennsku eða dómaraströfum. Það eru hins vegar margir fjölmiðlamenn sem vilja vanda sig og afla sér rétttra upplýsinga. Þess vegna er mikilvægt að þegar fjölmiðlamenn hringja í lögmenn til að afla upplýsinga um mál, þá taki lögmenn þeim vel og veiti þeim upplýsingar eftir því sem lögmönnum er heimilt að fjalla um mál skjólstæðinga sinna.

Lögmaður

Þeir séu að láta fjölmiðla fá gögn. Það er hins vegar óþolandi fyrir lögmenn að þegar gögn rata til fjölmiðla eftir einhverjum óljósum krókaleiðum séu þeir grunaðir um „glæpinn“ eins og aðrir sem aðgang hafa að þeim.

Frumskylda lögmanna samkvæmt 1. grein Codex Ethicus er að efla rétt og hrinda órétti. Þetta leggur strax þá skyldu á herðar lögmanna að koma ekki fram í fjölmiðlum með valkvæðar upplýsingar um afdrif einstakra mála hjá yfirvöldum þar sem skautað er yfir þau atriði sem niðurstaða málsins byggist á. Sem betur fer eru þau tilvik afar sjaldgæf enn sem komið er en hafa þó komið upp. Alvarlegast er þegar lögmaður, sem er ósáttur við dómnsniðurstöðu, ákveður að koma fram í fjölmiðlum og flytja málið þar á nýjan leik. Finna má dæmi þess að lögmaður komi fram í fjölmiðlum með einhliða málflutningi þar sem ekki er getið um mikilvægar staðreyndir og málsástæður gagnaðila svo og forsendur dómnsins sem niðurstaðan byggist á. Með slíkri háttsemi verður að telja að vegið sé að dómssvaldinu með alvarlegum hætti. Þannig hlýtur almenningur oft á tíðum að taka meira mark á því ef starfandi lögmaður tjáir sig með þessum hætti um vinnubrögð dómstóla heldur en þegar einstaklingur sem tapað hefur máli tjáir sig. Það er eðlileg krafa til lögmanna að þeir passi upp á að sýna dómstólum fulla tillitssemi og virðingu í ræðu, riti og framkomu, eins og 19. grein Codex Ethicus segir til um.

## Mikilvægi fjölmiðla

Flestir eru sammála um að fjölmiðlar hafi mikilvægu hlutverki að gegna í lýðræðisríki og séu aðhald fyrir ákærvaldið og dómstólana. Af þeirri

ástæðu er m.a. meginregla réttarfars sú að þinghöld skuli vera opin og einungis í undantekningartilvikum heimilað að meðferð dómsmála sé lokuð. Ekki er síður mikilvægt það hlutverk fjölmiðla að upplýsa almenning um meinbugi sem eru til staðar í þjóðfélaginu. Þar af leiðandi er umfjöllun fjölmiðla um lögfræði, lögreglurannsóknir og dómsmál vissulega nauðsynleg en þarf að vera vönduð, sanngjörn, málefnaleg og byggð á virðingu fyrir viðfangsefninu. Hér eins og alls staðar gildir reglan: Aðgát skal höfð í nærveru sálar.

„Það er ekki frétt hver hafi komið eða ekki komið til lögmanna“ sagði reyndur hæstaréttarlögmaður við greinarhöfund er hann var að stíga sín fyrstu skref í lögmennskunni. Þetta eru gömul sannindi og góð áminning til allra lögmanna þegar kemur að fjölmiðlaumfjöllun um einstök mál umbjóðanda lögmanna. Þetta á sér einnig stoð í 6. grein siðareglna lögmanna sem kveður á um að upplýsingar sem lögmaður fái í starfi skuli haldið frá óviðkomandi, þótt lögboðin þagnarskylda banni það ekki. Hins vegar kann það að vera í breyttu umhverfi fjölmiðlaumfjöllunar að lögmenn þurfi að tjá sig um málefni umbjóðanda sinna sama hversu lítið þeir kæra sig um það.

**RENATA ERLENDSSON**  
löggiltur dómtúlkur  
og skjalapýðandi

**ÞÝSKA - ENSKA - RÚSSNESKA**

**VÖNDUÐ VINNUBRÖGÐ  
ÁRATUGA REYNSLA**

**RENATA EHF**  
Þýðingar og túlkun

**Hafnarstræti 20, 101 Reykjavík**  
Símar: 557 2830 h. – 562 2562 v.

**GSM: 898 0904**

**Fax: 562 2517**

**E-mail: renata@tv.is**

# Sakamál

## – hinn nýi tónn fjölmiðla



**Halldór  
Reynisson**  
fjölmiðlafulltrúi  
þjóðkirkjunnar

Umfjöllun sumra fjölmiðla um sakamál er orðin beinskeyttari síðustu misserin. Á það einkum við um DV en það blað hefur átt stærstan þátt í að færa út mörkin, en aðrir fjölmiðlar hafa stundum fylgt í kjölfarið.

Það sem einkennir hinn nýja fréttastíl eru nafn- og myndbirtingar af sakborningum áður en dómur er fallinn, auk mun nærgöngull fréttamennsku en áður hefur tíðkast. Atburðalýsingar eru „kræsilegri“, meintir afbrotamenn eru jafnvel uppnefndir, jafnvel þeir sem sýknaðir eru. Sóst er eftir safaríkum lýsingum fólks sem hefur orðið fyrir óvenjulegri, oft erfiðri lífsreynslu, jafnvel áður en það hefur jafnað sig. Stundum er jafnvel reynt að fá börn til að tjá sig.

### Réttur almennings

Þegar fjölmiðlamenn eru spurðir um þennan nýja stíl þá bera þeir ýmsu við. Breyttur og harðari heimur. Réttur almennings til upplýsinga. Forvarnargildi ef meintir glæpamenn ganga lausir. Óþarfa viðkvæmni gagnvart umfjöllun um sakamál. Að auki gera vanir fjölmiðlamenn sér grein fyrir að áhrifamáttur fjölmiðla í sakamálum snýst ekki síst um skömmina. Ef ekki er hægt að fella dóm yfir dónanum vegna formgalla eða skorts á sönnunum, þá er alltént hægt að koma á hann höggi í fjölmiðlum. Dómstóll götunnar tekur við utan dyra dómsala. Fjölmiðlar fella síðferðisdóma þar sem lagadómar eiga ekki við.

Vitaskuld er nokkuð til í þessum rökum. Íslenskir undirheimar virðast vera dimmari en áður þótt ekki sé víst að tíðni ofbeldisverka sé hærrí. Þá virðist almannarómurinn og réttlætisgyðjan ekki alltaf ganga í takt.

Því miður virðist hin nýja lína í fréttamennsku ekki alltaf eira mannúðinni, en ber við réttlætinu. En réttlæti hverra? Og hver segir að fjölmiðlar eigi að vera refsinnir sem svipti menn ærunni?

Það má líka spyrja hvort dómstólar hafi verið nógu duglegir að upplýsa almenning um framvindu mála. Að öllum líkindum vita Íslendingar meira um réttarfar í Bandaríkjunum en á Íslandi. Nýleg Gallupkönnun bendir til að traust almennings á dómstólum og réttarfari mætti vera meira. Bent hefur verið á misræmi í dómum.

Það er mikið spurt, spjallað og skrafað um sakamál. Þá eftirspurn fyllir fjölmiðlafólk, stundum ungt, óreynt og fáfrótt, frekar en lögfræðingarnir.

### Mannúð

Sjónarhorn mitt á umfjöllun fjölmiðla um sakamál snýst um tvær mælisnúrur síðferðisins, réttlæti og mannúð.

Það er hlutverk dómstóla að tryggja réttinn eða réttlætið. „Lát heldur réttinn vella fram sem vatn og réttlætið sem sírennandi læk“ segir spámaðurinn Amos í fornriki Ísraels þegar honum blöskrar ranglæti síns tíma. Réttarríkið byggir á að dómur séu réttlátir, í samræmi við það sem hver og einn á skilið. Það er ekki lítil ábyrgð sem dómara – og löggjafar hafa að tryggja réttlætið. Vandinn er auðvitað að ákveða mörkin: Hvað á hver og einn skilið? Það byggir á mælisnúrur sem reynslan eða hefðir réttarfarsins hafa mótað; – það byggir á

almenningsálitinu, hvað allur þorri fólks á hverjum tíma telur rétt og rangt; – og það byggir einnig á grundvallarsjónarmiðum um mannréttindi og mannúð. Mannréttindi hvíla á þeirri forsendu að allir menn séu jafnir, að ekki eru til haldbær rök til að mismuna fólki, nema hugsanlega vegna áunninna verðleika.

Réttlætið metur þannig alla jafnt og dæmir alla jafnt.

Þegar fjölmiðlar taka upp á að

beita sínu réttlæti þá er það vegna þess að þeim finnst réttlæti dómstólanna hafa brugðist. Og stundum kunna þeir að hafa rétt fyrir sér. Á hinn bóginn verður réttlæti fjölmiðla oft harðara en réttlæti dómstóla. Í fyrsta lagi vegna þess að þeir hafa ekki allir sömu hömlur á sér og dómstólar; í öðru lagi nærast þeir stundum á fordómum almennings, svo og þörfinni fyrir að selja. Í þriðja lagi – og það vegur hvað þyngst fyrir þann sem fyrir verður – þá er skömmin samfara því að vera afhjúpaður í alfaraleið oft þyngsta refsing sem nokkur getur fengið. Fyrir flest venjulegt fólk er verra að missa æruna og vera úthrópaður á torgum en að lenda í fésekt, jafnvel í fangelsi.

Og þá komum við loks að mannúðinni.

Óttinn við ærumissi af völdum fjölmiðla getur fælt fólk frá glæpum. Á hinn bóginn getur sá dómur stundum orðið mönnum svo þungur að þeir grípa til örþrifaráða. Það þarf oft að milda réttlætið með mannúð eða kærleika. Í okkar örmáa þjóðfélagi á Íslandi fær enginn dulist hafi hann einu sinni misst æruna. Þess vegna gilda hér ekki að öllu leyti sömu lögmál og í stærri þjóðfélögum.

Því þarf að fara hér mildilegar að fólki en þar sem það getur horfið í milljónahafið.

Því miður virðist hin nýja lína í fréttamennsku ekki alltaf eira mannúðinni, en ber við réttlætinu. En réttlæti hverra? Og hver segir að fjölmiðlar eigi að vera refsinnir sem svipti menn ærunni?

Í raun snýst þetta um þjóðfélagssýn. Viljum við ganga fram af taumlítilli hörku gagnvart þeim sem misstíga sig? Eða viljum við milda refsigleðina með mannúð? Og er það ekki slík mannúð sem gerir okkur í raun að siðmenntuðu samfélagi?

Sími 545 4400 • [gutenberg.is](http://gutenberg.is)



# KB ATVINNULÍF

Sérniðin þjónusta fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki

KB banki býður rekstraraðilum smærri og meðalstórra fyrirtækja persónulega, faglega og skjóta þjónustu í fjármálum, hvort heldur er á sviði rekstrar eða einkafjármála.

Pantaðu ráðgjöf á [kbbanki.is](http://kbbanki.is) eða komdu við í næsta útibúi KB banka.

**KB BANKI**  
– kraftur til þín  
[www.kbbanki.is](http://www.kbbanki.is)

# Nauðsyn á gagnkvæmu trausti og virðingu



**Björn Jóhann  
Björnsson**

blaðamaður á  
Morgunblaðinu

Hlutverk fjölmiðla er að koma upp-lysingum á framfæri við almenning, segja frá atburðum í umhverfinu og greina aðalatriði frá aukaatriðum. Fjölmiðlar sinna þessu með álíka mismunandi hætti og þeir eru margir en hlutverk þeirra er að mínu mati ekki að dæma menn og málefni eða svipta fólk æru sinni og virðingu. Hafi lög verið brotin þá er það hlutverk dómstóla að kveða upp um sök eða sakleysi manna.

Ég sé almennt litla þörf á því að birta nöfn manna sem liggja undir grun um að hafa brotið af sér. Á því geta þó verið undantekningar þegar um er að ræða þjóðþekkta einstaklinga eða þegar sterkur grunur er um stórfelld brot. Réttarhöld eiga samt sem áður ekki að fara fram á síðum dagblaða eða í fréttatímum ljósvakamiðlanna, hvort sem það er af hálfu fjölmiðilsins eða lögmanna málsaðila. Mikilvægt er að blaðamenn hafi líka í huga að menn eru saklausir þar til sekt þeirra hefur verið sönnuð. Aldrei verður nógu oft sagt að aðgát skal höfð í nærveru sálar.

Gagnrýni á efnistösk fjölmiðla í dóms- og sakamállum hefur að undanfögnu beinst fyrst og fremst að DV, og kannski ekki að ástæðulausu. Persónulega finnst mér DV hafa í mörgum tilvikum farið langt yfir strikið í umfjöllun sinni um sakamál og ítrekað þverbrotið siðareglur Blaðamannafélags Íslands, án þess að á það hafi reynt sem skyldi fyrir siðanefnd. Annað hvort veigrar fólk sér við að kæra blaðið eða þá að siðgæðisþröskuldur okkar blaðamanna hefur eitthvað lækkað. Ég held í þá von að fyrrnefnda skýringin sé ástæðan.

Með því að semja sína eigin

„siðaskrá“ hefur DV í raun sagt skilið við siðareglur Blaðamannafélagsins (BÍ). Siðareglur BÍ eru ekki fullkomnar og mætti reyndar taka þær til endurskoðunar, en þær eru engu að síður grundvallarleiðsögn blaðamanna í umfjöllun sinni og atferli. Bæta mætti við fleiri siðareglum og meðal þess sem mætti íhuga er að veita siðanefnd heimild til að taka upp mál af eigin frumkvæði. Næg hafa verið tilefni til þess að undanfögnu.

Jónas Kristjánsson notar hvert tækifæri til að lýsa því að DV sé eina blaðið sem stundi alvöru rannsóknarblaðamennsku hér á landi en allir

aðrir fjölmiðlar séu í kranablaðamennsku, að skrúfa fyrir eitt viðhorf og láta það flæða gagnrýnislaust yfir síður og fréttatíma. Því miður hafa fáir þorað að andæfa Jónasi þar sem hann ítrekað vanvirðir heila stétt manna sem flestir hverjir reyna að vanda til daglegra verka, koma af virðingu fram við sína viðmælendur en beita um leið aðhaldi þegar við á. Ég kalla það t.d. ekki kranablaðamennsku að leiða fram tvö ólík sjónarmið án þess að blaðamaður taki afstöðu með öðrum aðilanum og reyni þannig að túlka fyrir lesandann hvor hafi nú sagt rangt frá. Vilji blaðamenn stunda skáldskap þá skilst mér að bókaforlögin hafi dyrnar ávallt opnar fyrir efnilegum rithöfundum.

Lögmenn mega ekki misnota fjölmiðla Bæði blaðamenn og lögmenn bera mikla ábyrgð í störfum sínum. Lögmenn eru ein þeirra starfsstétta sem blaðamenn eru mjög háðir um upplýsingar í fréttaoöflun. Miklu skiptir að

Persónulega finnst mér DV hafa í mörgum tilvikum farið langt yfir strikið í umfjöllun sinni um sakamál og ítrekað þverbrotið siðareglur Blaðamannafélags Íslands, án þess að á það hafi reynt sem skyldi fyrir siðanefnd.

Þessi samskipti séu góð, en um leið heiðarleg. Þarna á milli þarf að ríkja gagnkvæmt traust og virðing, sem og skilningur á starfi hvors um sig. Gildir þetta einnig um samskipti blaðamanna og dómstóla. Ég hef ekki mikla reynslu af samskiptum við dómstóla en reynsla mín af samskiptum við lögmenn er almennt góð og þá í þeim tilvikum þegar greiður aðgangur er að þeim. Sumir lögmenn virðast ekki átta sig á hlutverki fjölmiðla og kjósa stundum að svara ekki skilaboðum eða neita að tjá sig. Í vissum tilvikum getur það verið skiljanlegt en það ætti oftast að vera lögmanni og umbjóðanda hans í hag að réttar upplýsingar séu birtar. Sem betur fer eru þessi viðbrögð hverfandi og mér sýnist að meðal yngri lögmanna sé betri skilningur á starfsumhverfi okkar blaðamanna en meðal eldri lögspekinga.

Lögmenn mega heldur ekki misnota fjölmiðla, reyna að afvegaleiða þá eða fegra hlut umbjóðenda sinna. Blaðamaður þarf að geta treyst því að upplýsingar frá lögmönnum séu sagðar af heiðarleik og bestu vitund. Í seinni tíð hafa kröfur á sérþekkingu blaðamanna verið að aukast, ekki síst

þar sem þjóðfélagið verður æ flóknara og fjölbreyttara. Ég reikna ekki með því að útskrifaðir lögfræðingar muni flykkjast til starfa á fjölmiðlum þannig að blaðamaður, sem langflestir hafa annars konar menntun en úr lagadeild, verða áfram háðir sérþekkingu lögmanna. Mikilvægt er að upplýsingar frá „sérfræðingum“ séu settar rétt fram og á skiljanlegu máli. Tími til úrvinnslu fréttar er oft knappur, blaða- og fréttamenn vinna undir mikilli tímapressu og hafa því þörf fyrir upplýsingar fyrir en seinna.

Ég myndi telja það til mikilla bóta að Lögmannafélagið og Blaðamannafélagið stæðu oftar að námskeiðshaldi, þar sem félagsmenn gætu miðlað af reynslu sinni og þekkingu. Ég sat eitt slíkt námskeið hjá lögmönnum og hafði gagn og gaman af. Lögmenn hefðu einnig gott af því að setjast á skólabeck og fá leiðsögn í samskiptum við fjölmiðla. Þessar stéttir starfa það mikið saman að þær hefðu gott af því að hittast oftar. Þær eiga ýmislegt sameiginlegt og þurfa að starfa saman í sátt og samlyndi.

## Þýðingar og textaráðgjöf

Löggiltar og almennar þýðingar á ensku, norðurlandamál, frönsku, þýsku og rússnesku (nú þýðendur og túlkar).  
Dóm- og skýrslutökutúlkun.

### Ellen Ingvadóttir

Löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi.  
Laugavegi 163a - sími: 562-6588  
bréfsími: 562-6551 - GSM: 897-2717  
netfang: [ellening@simnet.is](mailto:ellening@simnet.is)



Þú getur fengið þá á netinu!

[www.pmt.is](http://www.pmt.is)

**ALLAR GERÐIR STIMPLA**



**pmt**  
last miðar & tæki ehf.

Sími: 567-8888 • Fax: 567-8889

# Myndatökur í dómhúsum

## og umfjöllun lögmanna um dómsmál á meðan þau eru til meðferðar fyrir dómstólum

Á síðustu misserum hefur borið æ meir á umfjöllun fjölmiðla um dómsmál, einkum sakamál. eru fréttir af sakamálum gjarnan prýddar ljósmyndum eða kvikmyndum af sakborningum sem oftast en ekki reyna að forðast að af þeim séu teknar myndir. Leitast sakborningarnir við að skýla sér fyrir myndatökum sem þeir best geta og nota til þess ýmsar aðferðir. Hefur ágangur sumra fjölmiðla aukist á síðastliðnum misserum og sakborningar í nokkrum tilvikum nánast hundeltir alveg inn í dómshúsi.

Nú er það svo að samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 er einungis óheimilt að taka myndir í þinghaldi, sbr. 1. mgr. 10. gr. laganna. Má gagnalykta frá þessu ákvæði á þann veg að myndatökur í dómshúsum séu heimilari að öðru leyti. Ekki er að finna í gildandi lögum heimild til að beita viðurlögum, til dæmis sektum, ef brotið er gegn umræddu banni. Tekið skal fram að fjölmiðlar hafa nánast undantekningarlaust virt fyrirmæli dómara um bann við myndatökum eftir að þinghald er hafið.

Til umræðu hefur verið í Dómstólaráði hvernig bregðast eigi við auknum ágangi fjölmiðla í sambandi við myndatökur af sakborningum í dómshúsum. Er niðurstaðan sú að ef banna á myndatökur verði að lögfasta slíkt bann. Ákvæði um bann við myndatökum af sakborningum og vitnum, ekki einungis í dómshúsi heldur jafnframt á leið til og frá dómshúsi, hafa verið sett í lög bæði í Danmörku og Noregi. Hefur í því sambandi verið verið skírskotað til ákvæða í stjórnarskrám og



**Helgi I. Jónsson**  
dómstjóri Héraðsdóms  
Reykjavíkur

mannréttindasáttmálum um friðhelgi einkalífs. Sé brotið gegn banninu er heimilt að beita sektum og er vitað um tilvik frá Noregi þar sem fjölmiðill var dæmdur í 300.000 króna sekt vegna slíks brots.

Ábendingu um nauðsyn slíkrar lagasetningar héraðs hefur verið komið á framfæri bæði við dómsháttaráðuneyti og réttarfarsnefnd og er hún til skoðunar í nefndinni sem vinnur nú að heildarendurskoðun laga um meðferð opinberra mála. Tekið skal fram að ekki hefur talið stætt á að dómstjórnar í einstökum dómshúsum gefi út fyrirmæli um bann við mynda-

tökum í dómshúsum af þeirri ástæðu að slík fyrirmæli hafa ekki stöð í lögum og því ekki unnt að halda banninu uppi eða beita neinum viðurlögum vegna brots gegn því.

Samkvæmt 2. mgr. 10. gr. laga nr. 19/1991 er óheimilt að skýra frá því sem fram fer í lokuðu þinghaldi nema dómari leyfi og þá getur dómari bannað opinbera frásögn af atriðum í öðrum þinghöldum ef ætla má að frásögn geti valdið nánnum vandamönnum sakbornings, brotaþola eða öðrum sem ekki eru fyrir sökum hafðir verulegum þjáningum eða óþægindum. Skal ákvörðun um slíkt bann skráð í þingbók og kynnt viðstöddum. Að því er best er vitað hefur þessu ákvæði að minnsta kosti afar sjaldan verið beitt og ekki í seinni tíð. Er ef til vill ástæða til að beita þessu heimildarákvæði í ríkari mæli en gert hefur verið.

Tekið skal skýrt fram að lögmenn eru almennt mjög faglegir og málefnalegir í umfjöllun um dómshúsum meðan

Stöku sinnum hafa þó örfáir lögmenn kosið að tjá sig frjállega um mál meðan þau eru til meðferðar fyrir dómshúsum og einnig eftir að dómur hefur verið kveðinn upp.



þau eru rekin fyrir dómstólum og einnig eftir að dómur hefur verið upp kveðinn. Stöku sinnum hafa þó örfáir lögmenn kosið að tjá sig frjállega um mál meðan þau eru til meðferðar fyrir dómstólum og einnig eftir að dómur hefur verið kveðinn upp. Enda þótt ekki verði fullyrt hvaða hvatir kunna að búa þar að baki er nærtækasta skýringin sú að með þessu móti telji lögmennirnir sig fá góða og ókeypiss auglýsingu. Framsetning af þessu tagi er oftast vafasöm og er hætt við að hún sé sé bæði einhliða og villandi, sérstaklega í þeim tilvikum þegar ekki er rætt við gagnaðila og hans sjónarmið fengin en oftast er það svo. Almenn hljóta bæði lögmenn og dómarar að vera sammála um að æskilegt sé að forðast slíkan fréttáflutning

sem þjórnar gjarnan eingöngu þeim tilgangi að fegra málstað viðkomandi umbjóðanda lögmans á kostnað gagnaðila eða rýra að ástæðulausu álit almennings á dómstólum. Dómarar eru þannig í sveit settir að þeir eiga óhægt um vik að tjá sig um einstök mál og er því auðvelt að koma höggi á þá hafi lögmenn geð í sér til þess.

Í 10. gr. siðareglna lögmanna er kveðið á um að lögmaður skuli sýna dómstólum fulla tillitssemi og virðingu í ræðu, riti og framkomu. Er mikilvægt að þetta ákvæði sé virt af lögmönnum enda þjórnar það engan veginn hagsmunum lögmanna að grafa undan trausti almennings á dómstólum. Málefnaleg gagnrýni á hins vegar að sjálfsögðu fullan rétt á sér.

## Breytingar á félagatali

Allar breytingar s.s. ný símanúmer, vefköng, aðsetur og fleira er uppfært á heimasíðu félagsins, [www.lmf.is](http://www.lmf.is)

### Ný málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti Íslands.

**Sigurður R. Arnalds hrl.**  
Vátryggingafélag Íslands  
Ármúla 3  
108 Reykjavík  
Sími: 560-5230  
Fax: 560-5101

**Steinunn Guðbjartsdóttir hrl.**  
Lögmannsstofan Skeifunni  
Skeifunni 11  
108 Reykjavík  
Sími: 568-8640  
Fax: 568-9585

**Kristín Edwald hrl.**  
Lex- Nestor  
Sundagörðum 2  
104 Reykjavík  
Sími: 590-2600  
Fax: 590-2606

### Ný málflutningsréttindi fyrir Héraðsdómi.

**Arnar Þór Jónsson hdl.**  
Lögfræðideild Íslandsbanka  
Kirkjusandi  
155 Reykjavík  
Sími: 440-4000  
Fax:

**Grétar Hannesson hdl.**  
Lögfræðideild Íslandsbanka  
Kirkjusandi 2  
155 Reykjavík  
Sími: 440-4592  
Fax: 440-4595

**Einar Kristján Jónsson hdl.**  
Landsbanki Íslands  
Austurstaeti 11  
155 Reykjavík  
Sími: 410-8550  
Fax: 410-3059

**Jón Einarsson hdl.**  
Íbúðarlánasjóður  
Ártorgi 1  
550 Sauðárkróki  
Sími: 569-6900  
Fax: 569-6818

**Ágúst Geir Ágústsson hdl.**  
Umboðsmaður Alþingis  
Álftamýri 7  
108 Reykjavík  
Sími: 510-6712  
Fax: 510-6701

### Nýr vinnustaður:

**Ágúst Orri Sigurðsson hdl.**  
Sjóvá – Almennar tryggingar hf.  
Kringlunni 5  
103 Reykjavík  
Sími: 440-2000  
Fax: 440-2090

**Ólafur Rúnar Ólafsson, hdl.**  
Lögheimtan ehf.  
Hafnarstræti 91-95  
600 Akureyri  
Sími: 575-0750  
Fax: 575-0701

**Guðmundur Pétursson hrl.**  
Lögmenn Borgartúni 33,  
Borgartúni 33  
105 Reykjavík.  
Sími: 562-9888  
Fax: 561-7266.

### Nýtt aðsetur:

**Vala Valtýsdóttir hdl.**  
Taxis  
Laugavegi 182  
105 Reykjavík  
Sími: 555-6000  
Fax: 555-6045

**Bjarnfræður Ólafsson hdl.**  
Taxis  
Laugavegi 182  
105 Reykjavík  
Sími: 555-6000  
Fax: 555-6045

**Garðar Valdimarsson hrl.**  
Taxis  
Laugavegi 182  
105 Reykjavík  
Sími: 555-6000  
Fax: 555-6045

**Guðfinna Jóh. Guðmundsdóttir hdl.**  
Kjörgarði, 4. hæð  
Laugavegi 59  
101 Reykjavík  
Sími: 552-2420  
Fax: 552-2421

**Helga Leifsdóttir hdl.**  
Lögfræðistofa Helgu Leifsdóttur  
Kringlunni 7 (húsi verslunarinnar)  
103 Reykjavík  
Sími: 550-3700  
Fax: 550-3701

**Elisabet Sigurðardóttir hdl.**  
Lögheimtan hf.  
Hafnarstræti 91-95  
600 Akureyri  
Sími: 575-0750  
Fax: 575-0701



# Mannlegur harmleikur í sviðsljósinu

– frá málþingi Biskupsstofu, Bláðamannafélags Íslands, Dómstólaráðs og LMFÍ 10. mars sl.

Á undanförunum misserum hefur umfjöllun fjölmiðla um sakamál orðið sífellt fyrirferðarmeiri. Mörgum hefur þótt sem sumir fjölmiðlar hafi farið offari í umfjöllun sinni um einstök mál, jafnvel svo að líkja mætti við að sakfelldir einstaklingar væru settir á gapastokk. Á málþingi, sem haldið var í mars síðastliðnum fyrir fullu húsi, veltu frummælendur fyrir sér réttmæti slíkrar umfjöllunar, afleiðingum og ábyrgð fjölmiðla.

**Björn Bjarnason**, dóms- og kirkjumálaráðherra, og **Karl Sigurbjörnsson**, biskup Íslands, ávörpuðu málþingið í upphafi. Karl ræddi um óvægan fréttaflutning fjölmiðla af sakamálum þar sem fréttir af dómum væru birtar jafnvel áður en aðstandendur fengju tóm til að bregðast við þeim. Hann sagðist t.d. ekki sjá tilgang í því að kynferðisbrotum væri lýst í smáatriðum í fjölmiðlum. Karl ræddi um hvort ekki væri ástæða til að semja síðareglur og íslenskir fjölmiðlar gætu gert betur en „skolpveitur stórpjóðanna“.

## Opinber málsmeðferð: Vernd eða viðbót-arrefsing?

**Dr. Hildigunnur Ólafsdóttir** afbrotafræðingur, sagði að fjölmiðlar væru oft skilgreindir sem fjórða valdið þar sem fréttar og vaktstjórar væru „dyraverðir“ sem stýrðu út frá hvaða sjónarhóli

mál væru rædd. Þar sem dómstólar og lögregla væru ekki með fræðslufulltrúa væri fjölmiðlum gefnar frjálsar hendur í umfjöllun sinni um dómsmál. Hildigunnur ræddi um markmið refsinga og hvernig fjölmiðlar gætu þyngt refsingu með umfjöllun sinni. Oft á tíðum væri umfjöllunin jafnvel ýkt þannig að brotamenn þekktu ekki sjálfa sig í lýsingum fjölmiðla.

**Sigurður Tómas Magnússon**, formaður Dómstólaráðs, fjallaði um hlutverk fjölmiðla í opinberri málsmeðferð, hvaða heimildir væru til að takmarka hana og hvert markmið hennar væri. Hinn upphaflegi tilgangur opinberrar málsmeðferðar væri að vernda sakborning en gæti snúist upp í andhverfu sína, orðið þungbær fyrir sakborninga og virkað sem viðbótarefsing. Einnig gæti opinber málsmeðferð verið þungbær fyrir brotapolu og fælt hann frá því að kæra. Þannig væru margar hliðar á umfjöllun um sakamál í fjölmiðlum en almenningur ætti rétt á upplýsingum og fjölmiðlar gegndu þar mikilvægu hlutverki. Sigurður Tómas sagði að margir innan dómskerfisins væru óánægðir með umræðuna og teldu hana oft ónákvæma og villandi. Þá fjallaði hann um myndatökur af sakamönnum, brotapolu og vitnum í dómhúsum og á leið að og frá dómhúsum og benti á að Danir og Norðmenn hefðu þegar lög-

fest bann við slíkum myndatökum. Hann taldi að ef ekki yrði breyting á háttarlagi fjölmiðla varðandi myndatökur og myndbirtingar mætti búast við að hugað yrði að löggjöf þar um.

Sigurður Tómas ræddi að því búnu um meðferð sakamála í dómskerfinu og þá gagnrýni sem það fengi oft á tíðum vegna einstakra dóma. Hann lagði áherslu á að til þess að dómstólar gætu gegnt hlutverki sínu sem einn af mættarstólpum lýðræðislegs þjóðfélags væri mikilvægt þeir nytu trausts. Það traust kæmi m.a. í gegnum fjölmiðla sem hefði áhrif á skoðanamyndun almennings og því væri mikilvægt að umfjöllun fjölmiðla væri vönduð. Dómstólum væri óhægt um vik að halda uppi vörnum þegar þeir væru gagnrýndir en þeir ættu að aðstoða fjölmiðla með því að veita þeim sem greiðastan aðgang að þeim upplýsingum sem á annað borð væri heimilt að veita. Milli dómstóla og fjölmiðla yrði að ríkja gagnkvæmt traust.

### Erfiður línudans fjölmiðla

*Sveinn Helgason*, fréttamaður á ríkisútvarpinu, ræddi um ólík vinnubrögð ólíkra fjölmiðla. Ágengir fjölmiðlar ættu að vanda sig og fréttamenn þyrftu að nota dómgreind sína. Ágengir fjölmiðlar eins og DV væru nauðsynlegir því þeir þyrðu að taka á málum með öðrum hætti en aðrir fjölmiðlar. T.d. biðu aðrir fjölmiðlar stundum eftir því að DV hefði fjallað um málið áður en þeir fjölluðu um það. Þetta væri hins vegar erfiður línudans og stundum yrði mönnum á í messunni. Sveinn sagði ennfremur að ekki væri til einhlítt svar um hvar mörkin væru í umfjöllun um sakamál en ekki mætti skjóta sendiboða válegra tíðinda. Fjölmiðlamenn ættu að segja satt og rétt frá og endurspegla það samfélag sem við byggjum í.

### Niðurlægning sakborninga

Að loknum framsöguerindum voru pallborðs-

umræður og m.a. rætt um hvort huga þyrfti að lagasetningu um birtingu mynda af sakborningum eins og eru í Noregi og Danmörku. Ekki voru allir á sama máli um það og m.a. var tekið dæmi af myndatöku þar sem sakborningur var fluttur fyrir dómara, berfættur í baðsloppi og sætti þannig óásættanlegri meðferð lögreglu sem eftir opinbera umfjöllun um málið breytti starfsháttum sínum.

Brynjar Níelsson lögmaður sagði að umfjöllun sumra fjölmiðla miðaði oft að því að niðurlægja og hæða sakborninga. Fjölmiðlar hefðu tekið að sér hlutverk gapastokksins sem notaður var á öldum áður í sama tilgangi. Fjölmiðlamenn sem skrifuðu um sakamál væru oft þeir sem væru yngstir og óreyndastir í starfi. Sum skrif þeirra um viðkvæm mál einkenndust af skilningsleysi um líðan fólks sem tengdust málunum og báru jafnvel keim af hreinni mannvönsku oft á tíðum.

Brynjar taldi nauðsynlegt að ákveðnir fjölmiðlar sýndu meiri nærgætni í umfjöllum um viðkvæm sakamál og ekki yrði gengið lengra í slíkri umfjöllun en eðlilegt og nauðsynlegt væri. Óvönduð og óþörf fjölmiðlaumræða væri oft þungbærari sakborningum en fangelsisvist. Lögmenn kæmst ekki hjá því oft á tíðum að vera í hlutverki sálgæsaluaðila fyrir sakborninga og fjölskyldur þeirra, sérstaklega þegar sakborningur væri í einangrunarvist, og þyrfti þá lögfræðimenntunin að duga til að sinna því starfi.

Flest spjót beindust að umfjöllun DV á sakamálum en Kristján Guy Burgess, fréttastjóri DV, sagði DV skilgreina sig sem ágengan fjölmiðil sem þó hefði hugmyndir um hversu langt mætti ganga í umfjöllun mála. Stundum næði blaðið árangri með ágengni sinni og stundum ekki. DV væri ungt blað sem verið væri að þróa áfram og hefði kosið að gera sínar eigin siðareglur með þá grunnhugmynd að fjölmiðlar væru ólíkir.

EI

Pallborðsumræður. F.v.: Kristján Guy Burgess fréttastjóri DV, Sr. Halldór Reynisson fjölmiðlafræðingur og verkefnisstjóri Biskupsstofu, Bogi Nilsson ríkissaksóknari, Ólöf Pétursdóttir dómstjóri og Brynjar Níelsson lögmaður en hann var fulltrúi LMFÍ á málþinginu.



# Meistaramót LMFÍ innanhúss 2005



Eins og sjá ma vænt tilþriffin þú  
vellingum fagmannleg engi eiga lögmenn  
gott með að vera í vörn og sókn,  
takast á maður á mann, tækla, klobba,  
vippa og negla.

Föstudaginn 20. maí 2005 fór fram í ellefta skipti meistaramót lögmanna í knattspyrnu innanhúss. Mótið var haldið venju samkvæmt í húsakynnum Frammara við Safamýri.

7 lið mættu til leiks og léku allir við alla. Mótið bauð upp á góð og skemmtileg tilþrif.

Lið Reynslu og Léttleika sigraði örugglega og voru þeir vel að sigrinum komnir.

Lokastaða mótsins varð þessi:

Reynsla og Léttleiki	5	1	0	18:7	16 stig
Mörkin+	3	1	2	15:13	10 stig
AM Utd.	2	3	1	14:11	9 stig
Grínarafélagið					
án Steinars	2	2	2	7:8	8 stig
Lex-Nestor	1	3	2	7:14	6 stig
KF Þruman	1	2	3	7:10	5 stig
Logos	0	2	4	5:10	2 stig

Mótið var jafnt og spennandi ef lið Reynslu og Léttleika er ekki talið með! Lið Lex-Nestor kom nýtt inn í mótið og eiga þeir ungu drengir örugglega eftir að setja mark sitt á knattspyrnumót framtíðarinnar. Faglegur framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar Lex-Nestor, Helgi Jóhannesson hrl., var vant við látinn og komst ekki til að stjórna sínum mönnum af hliðarlínunni, og setti það örugglega mark sitt á liðið sem að öðrum kosti hefði náð mun betri árangri.



Jóhannes B. Björnsson tekur við bikarnum úr hendi Smára Hilmarssonar.

Lið Þrumunnar var óheppið í sínum leikjum og Lvantaði herslumuninn að ná verðlaunasæti. Gunnar Jónsson stýrði liði Markarinnar af röggsemi, og tók dómgæslu í sínar hendur þegar honum þótti þörf á. Neitaði hann m.a. að víkja af velli í einum leiknum eftir að hafa varið bolta með hendi innan vítateigs og eftir skeleggan og ákafan málflutning Gunnars um túlkun á mótisreglum féllust dómárar mótsins á rök Gunnars og gáfu sjálfum sér gula spjaldið fyrir það að hafa ætlað að reka Gunnar útaf.

Eyrún Ingadóttir var konunglegur hirðljósmyndari. Ber hún ábyrgð á þeim myndum sem með greininni birtast og á að þeim höfundarrétt.

## PISTILL FORMANNS:

Þann 11. mars sl. var aðalfundur LMFÍ haldinn. Þá var ný stjórn kjörin en í henni sitja auk mín þau Helga Melkorka Óttarsdóttir hdl., varaformaður, Helga Jónsdóttir hdl., ritari, Stefán Geir Þórisson hrl., gjaldkeri og Jóhannes Albert Sævarsson hrl., meðstjórnandi. Ég lít björtum augum til starfsins í LMFÍ með þessu fólki sem ég tel einvalalið sem allt er áhugasamt um eflingu og virkni félagsins.

Þótt sú venja sé ríkjandi að stjórnámálemenn lofi öllu fögru fyrir kosningar, í þeirri von að með því geti þeir veitt atkvæði, hefur sá háttur ekki verið hafður á í aðdraganda aðalfundar LMFÍ. Stjórnarskipti þar eru að öllu jöfnu hávaðalaus og oftast án mótframboðs. Þótt ekki sé um kosningaloforð að ræða þykir mér rétt að nýta þennan vettvang í Lögmannablaðinu til að tæpa á þeim verkefnum sem mér finnst einna mikilvægust innan LMFÍ fyrir utan auðvitað það grundvallarverkefni að standa vörð um sjálfstæði lögmannastéttarinnar.

Hér á Íslandi eru núlifandi útskrifaðir lögfræðingar sennilega í kring um 2000 talsins. Þetta fólk starfar á ýmsum sviðum s.s. í lögmenntu, í ráðuneytum og öðrum opinberum stofnunum, í bönkum o.fl. o.fl. Lögfræðingar hafa myndað með sér ýmis félög sem öll eru helguð þeim tilgangi að þjónusta félagsmenn sína og efla þá. Í þessu sambandi má t.d. nefna

Lögfræðingafélag Íslands sem er lang fjölmennasta félagið, Sjóréttarfélagið, Félag lögfræðinga fjármálafyrirtækja, Félag um váttryggingarétt, Skattaréttarfélag Íslands o.fl. Öll þessi félög halda fræðafundi af ýmsu tagi auk þess sem sum þeirra a.m.k. standa fyrir útgáfu á ýmsu lögfræðilegu efni. Við þetta bætist svo mjög metnaðarfullt endurmenntunarstarf lagadeilda háskólanna hér á landi. Framboð á ýmis konar endurmenntunarefni fyrir lögfræðinga er því gífurlegt og mjög mikið af því á beint erindi til félagsmanna LMFÍ þó það komi frá öðrum félögum.

Ég tel að það sé mikið hagsmunamál fyrir lögmenntu að samstarf milli allra þessara aðila sé sem best. Til stendur að opna n.k. upplýsingatorg á heimasíðu LMFÍ þar sem hægt verður að sjá hvað er boðið upp á á hverjum tíma af öllum þessum aðilum. Tilgangurinn með opnun slíks upplýsingatorgs er í fyrsta lagi að gefa lögmonnum aðgengilegt yfirlit yfir það sem í boði er auk þess sem það ætti að hjálpa þeim sem eru að standa í skipulagningu á fræðafundum og öðrum uppákomum að stilla hlutina þannig af að þeir rekist ekki hver á annan. Þetta skref LMFÍ er vonandi einungis það fyrsta í enn öflugra samstarfi félaga lögfræðinga sem augljóslega mun skila félagsmonnum LMFÍ betri þjónustu og efla þá faglega.



**Helgi Jóhannesson**  
hrl.



Sigurliðið **Reynsla og léttleiki** bar höfuð og herðar yfir andstæðinga sína á vellinum. Ef einhverjir hyggjast leita hefnda verða þeir að velja annan vígvöll en knattspyrnuvöllinn, þar eru þeir númer eitt! F.v. Baldvin Björn Haraldsson, Jón Ármann Guðjónsson, Anton Björn Markússon og Jóhannes Bjarni Björnsson.




# Heyrt og séð

## á hinní umtöluðu árshátíð LMFÍ

Árshátíð LMFÍ var haldin laugardaginn 12. mars. Að sjálfsgöðu voru fulltrúar hins vinsæla Heyrt og séð á staðnum eins og alls staðar þar sem þrúðbúið fólk kemur saman. Lítið var um að gestir yrðu sér til skammar umfram það sem venja er en látum myndirnar tala sínu máli.

Ingvi Tryggvason Húnvetningur, Borgnesingur og umfram allt snillingur var veislustjóri. Hann sagði margar mátulega dónalegar gamansögur úr sinni heimasveit sem féllu í góðan jarðveg.



Kristín Jóhannesdóttir lögmaður var heiðursgestur.



Þeir Einar Karl Hallvarðsson og Jóhannes Karl Sveinsson stjórnðu Idiot stjórnuleit af snilld.



Hinn nýkjörni formaður, Helgi Tom Jones tók þátt í Idiot-stjórnuleitinni og sýndi svo mikil tilþrif svo jafnvel sjálfur TiDjei hefði verið stoltur af!



Dómarateymið var skipað þeim Benedikt Ólafssyni, Guðrúnu Björgu Birgisdóttur og Ingimar Ingasyni.



Gunnar Prestley Jónsson söng um hvernig það væri að slá í gegn í Idiot stjörnuleit LMFÍ.



Barði Halldórsson og Hólmfríður Kristjánsdóttir.



Hjónin Eymundur Sigurðsson og Ragnheiður Bragadóttir.



Konan sem vann Idiot stjörnuleitina þrátt fyrir að keppa við snillingana Gunnar og Helga hefur tekið sér nafnið Skáld-Rúna.



Ekki er gott að vita yfir hverju þeir Finnur Oddsson og Erlendur Gíslason voru hugsá en Sigríður Þorgeirsdóttir þurfti a.m.k. ekki að velta því fyrir sér!

Hjónin Hrafnhildur Björnsdóttir og Þorsteinn Hjaltason fóru yfir fjöll og dali til að vera með á árs hátíð LMFÍ.



Jón Þór Einarsson, Sif Thorlacius og Ásbjörn Jónsson.



Óðinn Elísson virðist vera að fara með borðbæn en við hlið hans sitja Helga Björnsdóttir og Kristinn Hallgrímsson.



# 37. norræna lögfræðingapingið í Reykjavík í ágúst 2005

Dagana 18.-20. ágúst 2005 verður 37. norræna lögfræðingapingið haldið í Reykjavík. Á þinginu verður að venju fjölbreytt dagskrá, þar sem íslenskum lögfræðingum gefst kostur á að fræðast og taka þátt í umræðu um margs konar lögfræðileg málefni. Um leið fá þeir tækifæri til að kynnst lögfræðingum frá hinum Norðurlöndunum, en reiknað er með alls um 1.200 þátttakendum á þinginu.

Löng hefð er fyrir norrænu lögfræðingapingunum, en fyrsta þingið var haldið 1872. Þingin eru haldin á þriggja ára fresti, og færast á milli höfuðborga Norðurlandanna í ákveðinni röð. Íslenskir lögfræðingar hafa þrisvar áður verið gestgjafar þinganna, árin 1960, 1975 og 1990. Árið 1993 var þingið haldið í Kaupmannahöfn, árið 1996 í Stokkhólmi, árið 1999 í Ósló og árið 2002 í Helsinki.

Þingin eru einstakur vettvangur fyrir umræðu og samvinnu á sviði lögfræði á Norðurlöndunum, og hafa haft mikla þýðingu fyrir mótun norrænnar lagahefðar og norræns löggjafarsamstarfs. Á þingunum koma saman lögfræðingar í alls konar stöðum, svo sem fræðimenn, dómara, lögmenn og lögfræðingar úr stjórnsýslunni og viðskiptalífnum, og ræða um þau efni innan lögfræðinnar sem eru í brennidepli á hverjum tíma. Formlega séð er lítið á þinginu sem félagsskap, sem þátttakendur á þingunum verða félagar í. Hvert Norðurlandanna hefur eigin stjórn fyrir þingin. Ákveða stjórnirnar í sameiningu þau efni sem fjallað er um á hverju þingi fyrir sig. Á þinginu í Reykjavík 2005 verður fjallað um 24 mismunandi efni. Hefur efnum verið skipt niður í níu efnisflokkar: 1) ábyrgð og bætur, 2) lögfræðilegar aðferðir, 3) vinna, 4) fjölskylda, 5) grundvallarréttindi, 6) opinberir geirinn, 7) réttarfar, 8) refsing og 9) málefni nútímans. Sameiginlegir fundir eru haldnir við upphaf og lok þingsins. Að öðru leyti verður fjallað um mismunandi efni þingsins í málstofum, en 4-5 slíkar verða haldnar samhliða á hverjum tíma.



**Ragnar Tómas  
Arnason**

hdl.

Almennt er fjallað um einstök efni á þinginu með þeim hætti að útnefndur er svonefndur *referent* frá einhverju Norðurlandanna fyrir hvert efni. Hann fjallar skriflega um efnið í *referat*, sem sent verður fyrirfram til þeirra sem hafa skráð sig á þingið. Þar er ætlast til að *referent* setji fram skýrt mótaðar kenningar (*teser*) um efnið. Einnig er útnefndur svonefndur *korreferent* frá einhverju hinna Norðurlandanna, en hlutverk hans er að fjalla með gagnrýnu hugarfari um þær kenningar sem *referent* setur fram. Í málstofum er gert ráð fyrir að þátttakendur hafi kynnt sér *referatið*. Málstofur hefjast á því að *referent* gerir stuttlega grein fyrir helstu atriðum *referats*, en síðan

heldur *korreferent* framsögu sem tekur mið af *referatinu*. Að því loknu er gert ráð fyrir umræðum undir stjórn málstofustjóra, svonefnds *debatedare*. Framsögur *referents* og *korreferents*, ásamt umræðum sem fylgja í kjölfarið, eru birtar í fundargerðum sem dreift verður til þátttakenda í kjölfar þingsins. Hefur þetta fyrirkomulag á málstofum gefist mjög vel á þingunum. Nokkrar málstofur verða þó með öðru sniði, en þar verða fyrirlestrar og pallborðsumræður.

Fjöldmargir íslenskir lögfræðingar hafa þegar skráð sig á 37. norræna lögfræðingapingið í Reykjavík. Lögfræðingar geta skráð bæði sig sjálfa og maka til þátttöku á þinginu. Útlit er fyrir að þingið verði bæði fróðlegt og skemmtilegt. Þátttakendum verður boðið í móttöku í Ráðhúsi Reykjavíkur að kvöldi 18. ágúst, í heimboð eða annars konar boð að kvöldi 19. ágúst og í sameiginlegan veislukvöldverð að kvöldi 20. ágúst. Auk þess verður haldið sérstakt boð fyrir unga þátttakendur í undanfara mótsins 17. ágúst, og boðið verður upp á ferðir fyrir maka. Nánari kynningu á efnum og dagskrá þingsins, ásamt öðrum upplýsingum um það, má finna á heimasíðu þess, [www.congress.is/njm2005](http://www.congress.is/njm2005).

Það er mikið verkefni að halda norrænt lög-

# AÐALFUNDUR LÖGMANNAFÉLAGS ÍSLANDS 2005

Aðalfundur Lögmannafélags Íslands 2005 var haldinn föstudaginn 11. mars s.l. Á dagskrá fundarins voru venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins. Fundarstjóri var Þórður Bogason, hdl., og fundarritari Margrét Einarsdóttir, hdl.

## Endurskoðaður reikningur fyrir liðið reikningsár.

Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri félagsins, gerði grein fyrir ársreikningi þess fyrir árið 2004. Fjallaði framkvæmdastjórinn sameiginlega um niðurstöðu reikninga hins lögbundna hluta félagsins og félagsdeildar þess. Einnig um ársreikning Námssjóðs LMFÍ. Í máli framkvæmdastjóra kom fram að þrátt fyrir nokkurt tap á rekstri lögbundna hlutans, sem rekja mætti til greiðslu á 3,5 milljón króna stjórnvaldssektar vegna samkeppnismálsins, hafi um kr. 600.000 hagnaður orðið af rekstri félagsins í heild, vegna góðrar afkomu félagsdeildar. Eftir yfirferð reikninga var orðið gefið laust og svaraði framkvæmdastjóri fyrirspurnum frá fundarmönnum. Að því loknu bar fundarstjóri ársreikning ársins 2004 undir fundinn og var hann samþykktur samhljóða.

## Skýrsla félagsstjórnar o.fl.

Gunnar Jónsson hrl., formaður félagsins, tók til máls og fór yfir helstu atriði í skýrslu stjórnar og vísaði m.a. í prentaða ársskýrslu sem send var félagsmönnum fyrir fundinn. Formaður gat þess sérstaklega að tekin hefði verið ákvörðun um að framkvæmdastjóri félagsins færi framvegis með formanni þess á fulltrúafundi CCBE, sem haldnir eru tvisvar á ári. Taldi formaðurinn þetta nauðsyn-

legt í ljósi vaxandi mikilsvægis CCBE ráðsins fyrir íslenska lögmenn. Formaðurinn fjallaði einnig sérstaklega um niðurstöðu 9 manna nefndar sem stjórn LMFÍ skipaði í samræmi við ályktun félagsfundar. Lægju tillögur 9 manna nefndarinnar fyrir fundinum og hvatti formaður fundarmenn til að kynna sér þær vel. Loks þakkaði formaðurinn öllum sem hafa starfað með honum í stjórn og nefndum undangengin ár sem og félagsmönnum öllum fyrir ánægjulegt samstarf. Að lokinni yfirferð formanns um skýrslu stjórnar var orðið gefið laust og tók Sif Konráðsdóttir hrl., til máls og óskaði eftir nánari útskýringum á þeirri hugmynd sem kæmi í greinargerð 9 manna nefndarinnar, að setja á kvóta innan félagsins. Formaðurinn svaraði því til að sjálfstætt starfandi lögmenn hefðu haft af því áhyggjur að aðrir en sjálfstætt starfandi lögmenn væru orðnir meira en helmingur félagsmanna. Í upphafi vinnu nefndarinnar hafi komið fram að hugsanlega þyrfti að deildarskipta félaginu, en niðurstaðan



F.v. Gísli Tryggvason hdl., Þórunn Guðmundsdóttir hrl. og Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.

fræðingaping með því sniði sem kynnt hefur verið að ofan. Þar leggst á eitt hversu mörg og ólík efnin eru sem fjallað er um, hversu margir koma að þessari umfjöllun, hinn mikli fjöldi almennra þátttakenda og hin umfangsmikla dagskrá sem venja hefur skapast um í tengslum við þingin. Undirbúningur þingsins hefur staðið yfir undanfarin ár, og hafa þar verið í fararbroddi Guðrún Erlendsdóttir, formaður Íslandsdeildar norrænu lögfræðingapinganna, og Erla Jónsdóttir, ritari deildarinnar, ásamt undirrituðum, sem útnefndur hefur verið aðalritari þingsins. Auk þess hafa margir aðrir lagt hönd á

plóginn. Mikið verk er þó eftir óunnið. Einkum er þar um að ræða annars vegar fjáröflun til að standa straum af þeim kostnaði sem gestgjafi þingsins verður að bera, og hins vegar að skipuleggja heimboð fyrir erlenda þátttakendum á þinginu til íslenskra starfsbræðra sinna og systra föstudagskvöldið 19. ágúst, en hefð er fyrir slíkum heimboðum á þingunum. Vonar Íslandsdeild norrænu lögfræðingapinganna að íslenskir lögfræðingar leggist á eitt í þessum efnunum, og býður þá um leið hjartanlega velkomna á 37. norræna lögfræðingapingið í Reykjavík 2005.



F.v. Dögg Pálsdóttir hrl., Kristín Edwald hrl., og Halldór Jónsson hrl.

hefði hins vegar orðið sú að settar væru fram til íhugunar, tillögur um hvort setja skuli í samþykktir félagsins að meirihluti stjórnar LMFÍ skuli ávallt skipaður sjálfstætt starfandi lög­mönnum og að formaðurinn kæmi ávallt úr þeirra röðum.

### Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins.

Að lokinni umfjöllun um skýrslu stjórnar var tekin til afgreiðslu eftirfarandi tillaga frá stjórn félagsins, um breytingu á 12. gr. samþykktu félagsins:

„Innan Lögmannafélags Íslands skal starfa þriggja manna siðareglunefnd sem stjórn félagsins skipar.

Hlutverk siðareglunefndar er að fylgjast með þróun siðareglna og sjá til þess að siðareglum LMFÍ verið við haldið.“

Formaður félagsins fylgdi breytingartillögunni úr vör, en að því loknu var orðið gefið laust. Jónas Haraldsson, hrl., tók til máls og lýsti ákveðnum efasemdum um þessa breytingar, en setti sig hins vegar ekki upp á móti þeim. Fundarstjóri bar tillöguna upp og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

### Kosningar.

Helgi Jóhannesson, hrl., gaf einn kost á sér í stöðu formanns félagsins og var hann sjálfkjörinn. Auk Gunnars voru kjörnir í aðalstjórn til næstu tveggja ára, þau Stefán Geir Þórisson, hrl., og Helga Jónsdóttir, hdl., en auk þeirra sitja áfram í

stjórn þau Jóhannes Albert Sævarsson, hrl. og Helga Melkorka Óttarsdóttir, hdl. Í þriggja manna varastjórn voru kjörin þau Lárentsínus Kristjánsson, hrl, Ástríður Gísladóttir, hdl., og Jóhannes Bjarni Björnsson, hdl. Gústaf Þór Tryggvason hrl. og Othar Örn Petersen hrl. voru kjörnir endurskoðendur og Þorbjörg I. Jónsdóttir, hdl., til vara. Í laganefnd voru kjörin Óttar Pálsson, hdl., Birgir Már Ragnarsson, hdl., Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl., Ása Ólafsdóttir, hdl., og Eva Bryndís Helgadóttir, hdl. Að loknum kosningum í embætti félagsins óskaði Gunnar Jónsson, hrl, fráfarandi formaður þess, nýkjörnum formanni félagsins vel­farnaðar í starfi, ásamt þeim sem með honum munu starfa.



F.v. Eva Bryndís Helgadóttir hdl., Guðrún Sesselja Arnardóttir hdl., Sif Konráðsdóttir hrl. og Björn L. Bergsson hrl.

### Aðalfundur félagsdeildar Lögmannafélags Íslands.

Í framhaldi af aðalfundi Lögmannafélagsins var haldinn aðalfundur félagsdeildar LMFÍ, samkvæmt auglýstri dagskrá. Fundarstjóri var Þórður Bogason, hdl., og fundarritari Margrét Einarsdóttir, hdl. Á dagskrá fundarins voru venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins. Um skýrslu stjórnar og ársreikninga var vísað til þess að reikningar hafi þegar verið kynntir samhliða afgreiðslu sömu dagskrárliða skyldubundna hluta félagsins á aðalfundi félagsins. Enginn bað um orðið undir þessum dagskrárlið og var reikningur félagsdeildar samþykktur samhljóða. Undir liðnum önnur mál tók nýkjörinn formaður félagsins Helgi Jóhannesson, hrl., til máls og þakkaði, fyrir hönd félagsins, Gunnari Jónssyni hrl., fráfarandi formanni félagsins fyrir frábær störf í þágu þess. Einnig þakkaði hann öðrum stjórnarmönnum fyrir óeigingjarnt starf í þágu félagsins. II.

## Af Merði lögmanni

Mörður hefur verið nokkuð sár og reiður síðustu misseri vegna þess að nafn hans er aldrei nefnt þegar fjallað er um stjörnulögfræðinga. Mörður á langan og farsælan feril í lögmennskunni. Hann hefur skrifað margar greinar í Úlfjót og Tímarit lögfræðinga, flutt fyrirlestra á málþingum, sinnt kennslu og er með eina allra hæstu einkunn sem gefin hefur verið í Háskóla Íslands. Þá hefur Mörður flutt merkileg, umfangsmikil og flókin mál í Hæstarétti og náð að kæfa réttinn í ljósritum úr fræðiritum og alls konar tilvitnunum sem þótti lengi vel merki um góðan og merkilegan lögmann.

Þrátt fyrir þennan glæsilega feril er Mörður aldrei nefndur stjörnulögfræðingur og raun aldrei nefndur á nafn nema í lokuðum kredsum og þá aðallega vegna sérkennilegs útlits og klæðaburðar. Það er aldrei viðtal við Mörð í sjónvarpssvímum, ekki fjallað um hann í Fréttablaðinu undir teiknaðri mynd og ekki er hann spurður um áhugamál og fleira í þeim dúr í dægurmáladálkum blaðanna. Þá fékk Mörður ekki birta grein í Mogganum án myndar eins og stjörnulögmenn fá. Hætti þá Mörður við birtingu greinarinnar að beiðni eiginkonunnar.

Mörður spurði vin sinn um daginn hvernig á því stæði að hann teldist ekki til stjörnulögmannna. Hann var með margar skýringar á reiðum höndum. Merði til mikilla leiðinda nefndi vinur hans fyrst atriði er snertu útlitið. Ef Mörður ætti að teljast til stjörnulögfræðinga yrði hann að breyta útliti og klæðaburði. Klippa löng hár úr nefi og eyrum. Þá væri ekki flott að vera með aumingjatopp sem næði niður á alltof loðnar augabráúir. Þá sagði vinurinn Merði að hann yrði að taka að sér djúsí sakamál, helst morðingja eða handrúkkara. Stór fíkniefnamál gætu dugað. Málið mætti þó vera ómerkilegt ef sakborningur væri frægur. Spjalla svo við blaðamenn og þvæla eitthvað um mannréttindi og ekki væri verra að gagnrýna ákærvald og lögreglu í leiðinni fyrir valdísðslu. Þá næðist umfjöllun um Mörð í fjölmiðlum auk þess sem hann fengi rammagrein í Mogganum án myndbirtingar. Síðan þyrfti ekki nema eina sýknu þá væri Mörður orðinn stjörnulögmaður ef vel tækist til með útlitsbreytinguna.

Það þyrmdi yfir Mörð. Hann hugsaði að vísu væri hægt að laga útlitið án meiriháttar skurðaðgerðar. Merði hefur hins vegar alltaf fundist þessi sakamál nauðaómerkileg og taldi að þau væru aðeins fyrir þá sem ekkert kynnu í lögfræði. Þá þolir Mörður ekki mannréttindi og þá sem sífellt eru gjammandi um mannréttindi. Þeir séu í hópi með náttúruverndarsinum og friðarsinum sem eru í huga Marðar ekkert annað en gamlir marxistar sem klæða bullið í nýjan búning. Merði verður alltaf flökurt þegar hann sér gömlu kommana marsera í friðargöngum og stofna mannréttindaskrifstofur.

Mörður er svolítið spældur og telur að hann eigi frekar heima í hópi stjörnulögmannna en nýútskrifaðar unglingsstúlkur og gamlir þéttholda Heimdellingar, og það án þess að þurfa að breyta nokkru í störfum sínum. Vinurinn laumaði þá að Merði að unglingsstúlkurnar væru þó alltént sætar og gömlu Heimdellingarnir ættu það til að vera skemmtilegir og fyndnir en hvorugt væri nú áberandi í fari Marðar. Blaðamenn hefðu engan áhuga á leiðinlegu og ólögulegu fólki, jafnvel þótt óvart næðist sýkna í stóra, stærsta eða langstærsta fíkniefnamálinu eða hvað þau heita öll þessi mál. Verjandi þarf að hafa „fjölmiðlapokka“ eins og vinur Marðar orðaði það. Minnti þetta Mörð á þegar hann ætlaði í framboð á yngri árum og var ráðlagt frá því þar sem hann hefði ekki kjörþokka, sem var talið skipta máli þó svo um væri að ræða prófkjör í Framsóknarflokknum.

Eftir þetta komment vinarins og nokkra umhugsun ákvað Mörður að gefa upp á bátinn tilraunir til að komast í hóp stjörnulögmannna. Mörður lét þó af því verða að kaupa sér eyrna- og nefháraklippur enda eiginkonan búin að nöldra árum saman yfir nefhárarunum sem náðu sum hver niður fyrir efri vör. Mörður neitaði hins vegar að breyta fatastílnum og ætlar áfram að vera í sínum flauelsbuxum, þunnu ullarpeysunni með V háls málinu og snjádum ullarjakka. Skiptir þá engu hvort er sumar eða vetur. Gráú jakkafötin með vínrauða bindinu yrðu svo notuð í Hæstarétti og á árshátíð lögmannna.

# Fréttir frá félagsdeild

## Námskeið vorannar

Námskeið vorannar, tólf að tölu, hafa gengið vel en alls hafa um 150 lögmenn sótt þau. Þessi námskeið voru: Símsvörunarnámskeið fyrir ritara, Skotfimi, Inngangur að skjalastjórnun fyrir lögmennsstofur, Vesturfararnir með Bóðvari Guðmundssyni, Skipti dánarbúa, gerð kaupmála og erfðaskráa, Stjórnskipulag hlutfélaga og einkahlutfélaga, Örorkumat: Hlutverk taugasálfræðinga í greiningu höfudáverka, Örorkumat: Uppgjör slysamála, Undirbúningur málshöfðunar og efni stefnu: Hvaða víti þarf að varast? og Samruni fyrirtækja. Auk þess stóð LMFÍ fyrir námskeiði ásamt Mannréttindastofnun Háskóla Íslands um kæruskilyrði og málsmeðferð fyrir Mannréttindastofnun Evrópu.


Eftir hvert námskeið leggja þátttakendur mat á námskeiðið, kennslugögn og kennslu. Með þessu fá kennarar endurgjöf þátttakenda og það er mjög mikilvægt. Einum lögmanni varð á orði að þetta væri eins og að fá einkunn í prófi. Ein af spurningunum fjallar um hvort þátttakendur námskeiða hafi hugmyndir að nýjum námskeiðum en það er ákaflega gott að fá ábendingar í þá veru. Allt ber þetta að sama brunni, að veita félagsmönnum sem besta þjónustu.



Eyrún Ingadóttir

## Lögmennalistinn

Heimsíða LMFÍ er vaxandi miðill. Þar getur almenningur nálgast upplýsingar um alla starfandi lögmenn en einnig er hægt að fá upplýsingar um sérhæfingu lögmanna eftir málaflokkum. Lögmenn þurfa að skrá sig sérstaklega í málaflokka á LÖGMANNALISTANUM en hver yfirflokkur kostar aðeins kr. 1600,- á ári. Á meðfylgjandi súluriti sést að fjöldi heimsóknna á heimasíðuna hefur vaxið töluvert frá fyrra ári og síðustu þrjá mánuði hafa þær verið rétt tæplega 9000. Í apríl 2005 voru heimsóknirnar 8831 en í sama mánuði 2004 voru þær 5150.



## Skrifstofuaðstaða til leigu

Til leigu góð skrifstofuaðstaða miðsvæðis í Reykjavík.  
Sameiginleg, vel tækjum búin aðstaða með ritaraþjónustu auk kaffi- og fundaraðstöðu.

Hentar mjög vel fyrir lögmenn.

**Laus strax.**

Upplýsingar í síma 517 1030 og 822 9670.

# ATHYGLISVERÐIR ÚRSKURÐIR

## ÚRSKURÐARNEFNDAR LÖGMANNA

Ekki alls fyrir löngu voru kveðnir upp þrír athyglisverðir úrskurðir af úrskurðarnefnd lögmanna, sem varða verulega starfshætti lögmanna. Tveir þessara úrskurða snéru reyndar að hluta til um sama málið, þó með ólíkri aðkomu þeirra tveggja lögmanna sem hlut áttu að máli. Hér að neðan er að finna stutta samantekt á þessum úrskurðum til fróðleiks fyrir félagsmenn. Samhengisins vegna verður fjallað sameiginlega um þá tvo úrskurði sem varða sama málið.

Í fyrra málinu barst úrskurðarnefnd lögmanna kæra frá aðila, þar sem m.a. var kvartað yfir áskilningu þóknun lögmanna við innheimtu slysabóta. Málavextir voru þeir að í maí 2000 lenti kærandi í umferðarslysi og slasaðist. Leitaði hann í framhaldi af því til lögmanna, þ.e. kærða, og fól honum að gæta hagsmuna sinna við könnun á réttarstöðu sinni og við innheimtu slysabóta. Gerði lögmaðurinn kröfu á hendur hlutaðeigandi tryggingafélagi um greiðslu bóta, þar sem jafnframt var krafist greiðslu á lögmannaþóknun að fjárhæð kr. 229.972,- auk virðisaukaskatts, eða samtals kr. 286.315. Samið var um bætur og í fullnaðaruppgjöri tryggingafélagsins var niðurstaðan hvað snertir lögmanskostnað, kr. 226.222,- auk virðisaukaskatts, eða samtals kr. 281.647,-. Við uppgjör á slysabótunum til kæranda, áskildi kærði sér hins vegar mun hærri þóknun eða kr. 440.000,- auk virðisaukaskatts. Þessu vildi kærandi ekki una, þar sem aldrei hafði verið tekið fram að hann ætti að greiða hluta af þóknun til lögmanna síns úr eigin vasa. Skaut hann málinu því til úrskurðarnefndar eftir að krafa um leiðréttingu hafði ekki borið árangur.

Í niðurstöðu úrskurðarnefndar lögmanna kemur m.a. fram að við innheimtu bóta frá tryggingafélögum vegna umferðarslysa, teljist það eðlilegur liður í kröfugerðinni að krefjast greiðslu á þeim kostnaði, sem tjónþoli verður fyrir við að láta staðreyna og meta tjón sitt og að halda fram bótakröfu gagnvart tryggingafélaginu. Þegar lögmaður

gæti hagsmuna tjónþola við gagnaöflun og framsetningu kröfugerðar sé að jafnaði krafist greiðslu á lögmanskostnaði úr hendi félagsins. Bæti tryggingafélagið tjónþolanum þennan kostnað, en það fari þó í flestum tilvikum eftir eigin reglum um útreikning þessa kostnaðarliðar eða innsendum gjaldskrá hlutaðeigandi lögmannsstofa. Jafnframt segir í úrskurðinum að ef lögmaður, sem gæti hagsmuna tjónþola við innheimtu slysabóta, hyggst áskilja sér hærri þóknun fyrir störf sín en reikna má með að fáist greidd af hlutaðeigandi tryggingafélagi, sé rétt að hann geri umbjóðanda sínum grein fyrir þeirri fyrirætlun sinni fyrirfram og leitist við að gera grein fyrir hver sá kostnaður gæti orðið. Segir í niðurstöðu nefndarinnar að gegn neitun kæranda hafi kærða ekki tekist að sýna fram á að hann hafi fyrirfram áskilið sér hærri þóknun en tryggingafélagið greiddi eða að þóknun hans yrði ákvörðuð á öðrum grundvelli en sú þóknun sem krafist var að tryggingafélagið greiddi. Þá hafi kærði heldur ekki sýnt fram á að kærandi hafi samþykkt þá þóknun, sem kærði áskildi sér úr hans hendi við uppgjörið þeirra í millum. Að mati úrskurðarnefndar bar kærða að vekja sérstaka athygli kæranda á því hvað hann hygðist áskilja sér í þóknun, ekki síst í ljósi þess að kærða var eða mátti vera kunnugt um ákvarðanir tryggingafélaganna um greiðslu lögmanskostnaðar en kæranda ekki. Hlaut kærandi að hafa mikla hagsmuni af því að vita fyrirfram að hluti kostnaðarins kynni að lenda á honum. Niðurstaða úrskurðarnefndar var því sú að hæfilegt endurgjald til kærða, fyrir innheimtu slysabótanna teldist kr. 226.222,- auk virðisaukaskatts, eða samtals kr. 281.647,- og var kærða gert að endurgreiða kæranda mismun þessarar fjárhæðar og þess sem hann hafði haldið eftir af slysabótum á grundvelli útgefins reiknings.

Í síðara málinu, þar sem kæratriði lutu að hluta til að vinnubrögðum tveggja lögmanna sem að því komu, voru málavextir þeir að á árinu 1999 tók lögmaður I að sér varnir í umgengnisréttar-

máli gegn kæranda vegna meintra brota á umgengnisrétti barnsföðurins við dóttur þeirra. Tók lögmaður I einnig að sér hagsmunagæslu fyrir kæranda í forsjármáli, sem barnsfaðirinn höfðaði gegn honum síðar sama ár. Sótti lögmaður I um gjafsókn fyrir sóknaraðila í tengslum við málið og var gjafsókn veitt í desember 1999. Í byrjun febrúar 2000 tók kærandi forsjármálið hins vegar frá lögmanni I og fól það öðrum lögmanni, þ.e. lögmanni II. Flutti lögmaður II málið og í dómi sem kveðinn var upp í júlí 2000, þar sem staðfest var forsjá kæranda yfir dóttur sinni, var jafnframt kveðið á um að kr. 300.000 gjafsóknarlausn talsmanns kæranda, þ.e. lögmanns II, skildu greiddast úr ríkissjóði.

Meðan á undirbúningi málsins stóð gerði lögmaður I, kæranda tvo áfangareikninga. Þann fyrri í september 1999, að fjárhæð kr. 62.250,- vegna vinnu að umgengnisréttar- og forsjármálunum, en þann síðari í janúar 2000, vegna vinnu að forsjármálinu og var sá reikningur að fjárhæð kr. 124.500,-. Loks var lokareikningur að fjárhæð kr. 150.206,- gefinn út í október 2000, vegna beggja málanna. Kærandi greiddi fyrsta reikninginn athugasemdalaust, en tveir síðast nefndu reikningarnir voru síðan greiddir í febrúar 2001 eftir að lögmaðurinn hafði upplýst að hann hygðist senda reikningana í lögfræðilega innheimtu. Áður hafði kærandi gert athugasemdir við reikningsgerðina og taldi að vegna reglna um gjafsókn ætti hann ekki að greiða þá.

Í niðurstöðu úrskurðarnefndar lögmannna í málinu gegn lögmanni I, segir m.a. að þegar gjafsóknarleyfið var veitt kæranda í desember 1999 hafi orðið breyting á samningssambandi hans og lögmannsins. Í stað þess að áskilja sér þóknun úr hendi sóknaraðila fól gjafsóknarleyfið í sér að lögmaðurinn þægi þóknun samkvæmt ákvörðun sem dómari tæki um málflutningsþóknun honum til handa. Hins vegar hafi sú ráðstöfun kæranda að taka málið frá lögmanni I, án sjáanlegrar ástæðu og sem í raun fól í sér riftun á verksamningi þeirra, breytt forsendum fyrir þeirri takmörkun á heimild lögmannsins til verklauna, sem gjafsóknarleyfið ella hefði sett honum. Taldi úrskurðarnefndin að samkvæmt almennum lögskýringarsjónarmiðum yrði í þessu sambandi að túlka þröngt þau vik frá almennu reglunni um heimild lögmanns til að krefjast hæfilegs endurgjalds úr hendi umbjóðanda síns, sem felast í gjafsóknarleyfum. Áskilin verklausn lögmanns I, vegna vinnu að forsjármáli fyrir kæranda, voru því talin hæfilegt endurgjald í skilningi 1. mgr. 24. lögman-

laga nr. 77/1998. Hins vegar taldi úrskurðarnefndin það aðfinnsluvert af hálfu lögmanns I, að tryggja ekki að fjallað yrði um þóknun varnaraðila fyrir dómi í forsjármálinu eftir að lögmaður II tók við málinu. Að mati úrskurðarnefndar stóð það lögmanninum nær að þekkja reglurnar um gjafsókn og hvaða þýðingu það gæti haft fyrir kæranda að hafa tímanlega fullnægjandi upplýsingar um þau verklausn sem hann hugðist krefja kæranda um, þannig að honum gæfist færi á að koma þeim upplýsingum til viðtakandi lögmanns.

Í þeim hluta málsins sem snéri að lögmanni II, segir í niðurstöðu úrskurðarnefndar að lögmaðurinn hafi, þegar hann tók við forsjármálinu úr höndum lögmanns I, eða fljótlega eftir það, vitað eða mátt vita að gjafsóknarheimild hafði verið veitt í málinu. Hefði því mátt gera þá kröfu til lögmanns II að hann leitaði upplýsinga frá kæranda eða fyrri lögmanni um áfallinn kostnað við lögmannaskiptin og gerði um það kröfu fyrir dómi að sá kostnaður fengist greiddur. Taldi nefndin það hafa staðið lögmanninum nær að þekkja reglurnar um gjafsókn og hvaða þýðingu það hefði fyrir kæranda að í kröfum fyrir dómi um málflutningsþóknun kæmu fram heildarupplýsingar um kostnað við rekstur málsins. Voru vinnubrögð lögmanns II talin aðfinnsluverð. Hins vegar taldi úrskurðarnefndin það ekki á valdsviði nefndarinnar samkvæmt lögmannalögum að fjalla um eða endurskoða málflutningsþóknun í gjafsóknarmáli, sem ákveðin hafi verið af dómara málsins.

II

## Gróa@leiti.is

Gróa er búin að innleysa á nýjan leik hdl-réttindi sín og er kát með að tilheyra aftur lögmannastéttinni. Það veldur henni hins vegar kvíða að ákveðinn fjölmiðill hefur sérstakan áhuga á lögmonnum. Gróa verður frekar fjölprefin þegar hún skvettir í sig mjöði og nú óttast hún að lenda á forsíðu DV eins og kollegi hennar fyrir austan!

Gróu barst þessi vísa:

Fjarðamaður ferðbúinn  
var í teiti velbúinn  
lenti í fréttum fótúlúinn  
þar meiningin var mótsnúin



KONICA MINOLTA

# Afkastamikil og áreiðanleg



## Prentlausn fyrir kröfuharða

Konica Minolta 7145 ljósrítunarvél  
hefur reynst fjölmörgum viðskiptavina  
okkar afar vel. Hún er afkastamikil,  
áreiðanleg og einföld í notkun.  
Svo getur hún prentað, skannað og sent  
tölvupóst.

Hentar vel fyrirtækjum og stofnunum  
sem reiða sig á virkt flæði upplýsinga.

Þjónustu- og leigusamningar í boði.

**UMFANG**  
TÆKNIBÚNAÐUR



Hver sem **pú** ert...

...þá lögum við okkur að **þínum** þörfum!

### Vildarþjónusta Sparisjóðsins

er ný persónuleg fjármálaþjónusta sem er sér-sniðin að þínum þörfum og tryggir þér framúrskarandi þjónustu og meiri ávinning. Kynntu þér málið í næsta sparisjóði eða á [www.spar.is](http://www.spar.is).

- Lán án ábyrgðarmanna og afsláttur af lántökugjöldum
- Frítt debetkort
- 200 fríar debetkortafærslur á ári\*
- Afsláttur af árgjaldi kreditkorts
- Sérkjör hjá Verðbréfaþjónustu Sparisjóðsins
- Endurgreiðsla persónutrygginga
- Frábær tilboð hjá Og Vodafone, Plúserðum og Úrval Útsýn



**SPARISJÓÐURINN**  
– fyrir þig og þína

\*Gildir í Gull- og Eðlaþjónustu